

## REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir  
á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.**

### 1. gr.

- Í stað töluliðs 31 í IV. viðauka reglugerðarinnar kemur nýr töluliður 31a sem orðast svo:
- 31a Blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaðir difenýletrar í varahlutum, sem eru endurheimtir úr lækningataækjum og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, þ.m.t. lækningataeki til sjúkdómsgreiningar í glasi eða rafeindasmásjár og fylgihlutir þeirra, að því tilskildu að endurnýtingin fari fram í endurskoðunarhæfu, lokaðu skilakerfi fyrir viðskipti milli fyrirtækja og að viðskiptavinum sé tilkynnt um alla endurnotkun á hlutum.

Fellur úr gildi:

- a) 21. júlí 2021 vegna notkunar í lækningataeki önnur en lækningataeki til sjúkdómsgreiningar í glasi.
- b) 21. júlí 2023 vegna notkunar í lækningataeki til sjúkdómsgreiningar í glasi.
- c) 21. júlí 2024 vegna notkunar í rafeindasmásjár og fylgihluti þeirra.

### 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/585 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaða difenýletra í varahlutum sem eru endurnýttir úr lækningataækjum eða rafeindasmásjám og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2016 þann 8. júlí 2016.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stoð í 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. ágúst 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*